



Reykjavík, 11. september 2020  
Fundargerð 205. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Föstudaginn 11. september var haldinn 205. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 5, verkefnum á grundvelli almannavarna, sátu fundinn Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## 1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. 75 manns eru í einangrun og 302 í sóttkví. Smituðum hefur því fækkað milli vikna um 21 einstakling og einstaklingum í sóttkví um 310. Skimun tvö vegna komu til landsins greindi nokkra einstaklinga.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Ekki hefur orðið breyting á auglýsingu nr. 864/2020, sem lögð var fram á síðasta fundi. Lögð fram skýrsla samráðsfundar um áframhaldandi vinnu gegn Covid-19 á næstu misserum sem heilbrigðisráðuneytið stóð fyrir þann 20. ágúst sl., í samráði við dómsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið. Skýrslan er í samráðsgátt stjórnvalda á island.is til umsagnar til 30. september.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla heilbrigðisráðuneytis; Að lifa með veirunni. Samráðsfundur stjórnvalda 20. ágúst 2020. Dags. september 2020.
- Fskj. með skýrslunni „Að lifa með veirunni“; Svör vinnuhópa við spurningum fyrir fundinn.

*RB*  
*375*

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga**

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélaganna og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi. Skólahald er komið í fullan gang, fræðslufulltrúar sveitarfélaganna hafa hist og verið er að klára útfærslur á þeim leiðbeiningum sem unnið er eftir.

Eftirfarandi lagt fram:

- Leiðbeiningar AHS; Smitrakning í skólum. Dags. 10. september 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **4. Ráðstafanir LRH**

Halla Bergþóra lögreglustjóri og Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fóru yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu. Létt hefur verið á innri sóttvarnarráðstöfunum. Smitrakning gengur vel.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **5. Ráðstafanir SHS**

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **6. Rafrænar undirskriftir**

Slökkviliðsstjóri fór yfir verkefnið rafrænar undirskriftir hjá SHS.

*Afgreiðsla:* Samþykkt að taka upp rafrænar undirskriftir.

### **7. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:50.

**Næsti fundur verður föstudaginn 18. september.**

Fylgiskjöl:

AHS:

- Skýrsla heilbrigðisráðuneytis; Að lifa með veirunni. Samráðsfundur stjórnvalda 20. ágúst 2020. Dags. september 2020.
- Fskj. með skýrslunni „Að lifa með veirunni“; Svör vinnuhópa við spurningum fyrir fundinn.
- Leiðbeiningar AHS; Smitrakning í skólum. Dags. 10. september 2020.

SHS:


- Engin fylgigögn.



Dagur B. Eggertsson




Rósa Guðbjartsdóttir




Gunnar Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson